

|                          |       |
|--------------------------|-------|
| Umhverfisstofnun         |       |
| Áb.                      | _____ |
| - 5. sep. 2011<br>10.4.2 |       |
| Tilv.                    | _____ |

Grindavíkurbær  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. september 2011  
Tilvísun: UST20110600232/ksj

### Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000 - 2020.

Vísað er til erindis Grindavíkurbæjar er barst 22. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000 – 2020.

Breytingin felur í sér afmörkun á iðnaðarsvæði vestan við verslunar- og þjónustusvæði Bláa Lónsins og lagnaleið að því, meðfram Blaalónsvegi. Einnig er gert ráð fyrir nýrri dælustöð á svæði sem skilgreint er fyrir þjónustustofnanir.

HS Orka ráðgerir að leiða affallsvökva frá Bláa Lóninu í sprungurein sem staðsett er á svæðinu vestur af bílastæðum Bláa Lónsins, á því svæði sem í breytingartillögu er gert ráð fyrir að breytist í iðnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir að byggja borteig við sprungureinina og bora 2 holur sem notaðar verða til að leiða affallsvökva niður í jarðsjávarlag og leggja þrýstilögn meðfram Blaalónsvegi á milli fyrirhugaðrar dælustöðvar og borteigs.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi 2000 – 2020.

### Staðsetning, náttúruminjar

Staðsetning þess svæðis er breytingartillagan nær til er staðsett vestur af bílastæðum Bláa Lónsins. Svæðið, alls 0,32 ha sem áætlað er að breyta úr óbyggðu svæði í iðnaðarsvæði er á svæði á náttúruminjasrá, nr. 106. **Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg.** Í skránni segir: „Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg, Grindavík, Reykjanesbæ, Gullbringusýslu. Mörk liggja úr Mölvík, um 2 km austan við Háleyjabungu, í Þorbjarnarfell og um Lágur og Vörðugjá í Stapafell. Þaðan liggur bein lína í vestur að eyðibýlinu Eyrarbæ við norðurenda Hafnarbergs. Reykjanesið er framhald Reykjanes hryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa. Sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðgróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar.“ Eins og fram kemur í umhverfismati með breytingartillögunni er svæðið einnig tilgreint sem svæði til friðlýsingar á náttúruverndaráætlun 2009 – 2013, m.a. vegna jarðmyndana.

## **Áhrif á jarðmyndanir**

Svæðið alls 0,32 ha sem áætlað er að breyta úr óbyggðu svæði í iðnaðarsvæði er á náttúruminjaskrá m.a. vegna stórbrotinnar jarðfræði, sjá ofangreint. Nútímahraun þekur allt svæðið og það nýtur því sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999. Umhverfisstofnun tekur undir umhverfismat vegna ofangreindrar breytingar á aðalskipulagi Grindavíkur, um að breytingin komi til með að hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir.

## **Ferðamennska og útivist**

Umhverfisstofnun tekur undir að ofangreind breyting á aðalskipulagi Grindavíkur mun hafa í för með sér breytingar á aðkomu og ásýnd Bláa Lónsins. Áætluð dælustöð verður mjög sýnileg frá Bláalónsvegi og ásýnd verður til borholna í vestri, og munu framkvæmdirnar minnka sýnilegt óraskað hraun við aðkomu að Bláa Lóninu. Niðurstaða umhverfismats breytingartillögunnar telur að ofangreind breyting muni hafa óveruleg áhrif á ásýnd og aðkomu Bláa Lónsins. Að mati Umhverfisstofnunar munu áhrifin hafa meira en óveruleg áhrif á ásýnd og aðkomu, enda hefur ásýnd í vestur hingað til sýnt óraskað mosavaxið hraun ásamt hraunkanti og veg, en svo verður ekki ef af framkvæmdum við sprungurein verður.

## **Vatnsvernd**

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi markvissrar vöktunar á áhrifum ofangreindra framkvæmda á grunnvatn.


## **Samráð í skipulagsvinnu**


Í umfjöllun um samráð kemur fram að Umhverfisstofnun hafi gert athugasemdir m.a. við rask á hrauni á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði og lýst áhyggjum af áhrifum á ásýnd svæðisins Einnig hafi Umhverfisstofnun sett fram tillögur varðandi staðsetningu borsvæðis og frágang iðnaðarsvæðis. Í umfjölluninni kemur hins vegar ekki fram, að ekki reyndist unnt að verða við tillögu Umhverfisstofnunar. Tillaga Umhverfisstofnunar gerði ráð fyrir borsvæði nær veginum en núverandi tillaga gerir ráð fyrir. Tillaga Umhverfisstofnunar gerði því ráð fyrir að ekki yrði farið eins langt út á mosavaxið hraun og fram kemur í ofangreindri breytingartillögu.

## **Aðrir kostir: Förgunarlögn í sjó**

Í allri umfjöllun um framtíðarlausn á förgun affallsvökva og í umfjöllun um fyrirhugaðar framkvæmdir í Illahrauni, hefur HS Orka skýrt frá því að unnið sé að hönnun förgunarlausnar til framtíðar. Framtíðarlausnin felist í lögn sem muni liggja til sjávar vestan Þorbjarnar. Einnig hefur komið fram að förgunarlögnin í sjó muni geta flutt af svæðinu allt affall orkuversins sem ekki er dælt niður í djúpkerfi og hefur HS Orka skýrt frá því að förgun til sjávar muni hefjast seint á árinu 2012.

Í allri umfjöllun um förgun affallsvatns frá starfsemi í Svartsengi hefur Umhverfisstofnun lagt ríka áherslu á að framtíðarlausn yrði fundin og að æskilegt væri að framkvæmdum við framtíðarlausn yrði flýtt og þannig yrði komið í veg fyrir röskun á Illahraunþ þar eð borholur í sprungur yrðu óþarfar.

Virðingarfyllt  
  
Kristín Linda Arnadóttir  
Forstjóri

  
Kristín S Jónsdóttir

Skipulagsstofnun

